

Umdeild tillaga ESB um þjónustuviðskipti

[Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins](#) er nú að finna upplýsingar um tillögu að nýrri heildartilskipun Evrópusambandsins um þjónustustarfsemi. Jafnframt er þar að finna athugasemdir íslenskra hagsmunaaðila við tillöguna. Að sögn Grétars Más Sigurðssonar, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu, er hér um að ræða lið í samráði stjórnvalda og hagsmunaaðila vegna umræðna um setningu nýrrar þjónustutílskipunar ESB. „Við teljum mikilvægt að kalla eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila varðandi þessa umfangsmiklu tillögu. Það er ljóst af þeim umsögnum sem við höfum þegar fengið að skoðanir íslenskra hagsmunaaðila eru mjög skiptar um efni hennar, sem endurspeglar þau ólíku viðhorf sem komið hafa fram í umræðum um tillöguna í aðildarríkjum Evrópusambandsins,“ sagði Grétar Már í samtali við Stiklur.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í byrjun síðasta árs fram tillögu að heildartilskipun um þjónustustarfsemi á innri markaðinum. Tillagan miðar að því að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem gera fyrirtækjum og einstaklingum erfiðara um vik að stunda viðskipti með þjónustu. Þannig er tillögunni ætlað að stuðla að auknu frjálsræði í viðskiptum með þjónustu á innri markaðinum

Ljóst er að tillagan muni hafa mikil áhrif verði hún samþykkt í óbreyttri mynd, þar sem eitt meginatriðið í tillögunni er svonefnd upprunalsregla en samkvæmt henni er nægilegt að þjónustufyrirtæki fylgi reglum síns heimalands þegar þau bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum Evrópusambandsins. Þetta þýðir í raun að ef fyrirtæki sem hefur aðsetur í Slóveníu býður fram þjónustu sína í Svíþjóð gilda slóvensk en ekki sænsk lög um starfsemi fyrirtækisins í Svíþjóð. Augljóslega myndi þetta auðvelda þjónustufyrirtækjum að bjóða fram þjónustu sína hvar sem er á innri markaðinum en jafnframt telja margir að slíkt bjóði ýmsum hættum heim.

Tillagan er nú til umfjöllunar í Evrópuþinginu og ráðherraráði Evrópusambandsins. Kviknað hefur mikil umræða um hana innan aðildarríkja Evrópusambandsins og hafa m.a. Frakkar og Þjóðverjar gert fyrirvara um ýmsa þætti tillögunnar. Ekki er búist við því að tillagan verði endanlega afgreidd hjá stofnunum Evrópusambandsins fyrr en í fyrsta lagi síðar á þessu ári og má gera ráð fyrir að tillagan taki breytingum verði hún á annað borð samþykkt.

Frelsi til að veita þjónustu er hluti af hinu svonefnda fjórþætta frelsi og því ein af meginstöðum EES-samningsins. Af þeim sökum er ljóst að efni þessarar tillögu varðar málefni sem fjallað er um í EES-samningnum. „Íslensk stjórnvöld hafa því fylgst grannt með mótun tilskipunarinnar innan Evrópusambandsins. Þá hafa EFTA-ríkin fjallað í sameiningu um tillöguna og stofnað sérstakan vinnuhóp til að fara yfir efni hennar,“ sagði Grétar Már að lokum.

Þjónustutílskipunin var til umræðu á Alþingi miðvikudaginn 16. febrúar sl. Davíð Oddsson utanríkisráðherra svaraði þá fyrirspurn Ögmunar Jónassonar alþingismanns um hvort Íslandi myndi beita neitunarvaldi ef tillaga

framkvæmdastjórnarinnar yrði samþykkt óbreytt. Í svari utanríkisráðherra kom fram að nauðsynlegt væri að skoða mjög vandlega ýmis atriði áður en endanleg afstaða verður tekin til þess hvort slík tilskipun verði tekin upp í EES-samningnum. Tillagan væri enn til umfjöllunar innan Evrópusambandsins og fylgdust íslensk stjórnvöld grannt með þeirri umræðu. Hins vegar yrði tilskipunin ekki formlega til umfjöllunar hjá EFTA-ríkjunum fyrr en afgreiðslu hennar væri lokið innan Evrópusambandsins. Af þeim sökum væri ekki tímabært að fullyrða neitt á þessari stundu um hvort tilskipunin verður tekin upp í EES-samningnum enda ekki ljóst hvort tillagan yrði samþykkt og þá hvaða breytingar kunna að verða gerðar á henni. Jafnframt kom fram í máli utanríkisráðherra að hann teldi að skoða yrði vel allar aðstæður og hvaða hagsmuni eru í húfi áður en afstaða er tekin til þess hvort að gerðir af þessu tagi séu teknar upp í EES-samninginn. Sagði utanríkisráðherra að hann hefði ávallt talið að Íslendingar hefðu áskilið sér rétt til þess að hafna upptöku gerða í EES-samninginn.

Chile og Noregur vísa laxamáli til WTO

Chile og Noregur hafa vísað þeirri ákvörðun Evrópusambandsins að beita verndarráðstöfunum gegn innflutningi á eldislaxi til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Samkvæmt samningi WTO um lausn deilumála skal í fyrstu leitast við að leysa úr deilumálum af þessu tagi með viðræðum milli deiluaðila. Leiði slíkar viðræður ekki til þess að lausn finnst á málinu kann því að verða skotið til kærunefndar. Þar sem verndarráðstafanir ESB taka einnig til útflutnings á eldislaxi frá Íslandi munu íslensk stjórnvöld fylgjast grannt með meðferð málsins hjá WTO.

Hin umdeilda ákvörðun var tekin af framkvæmdastjórn ESB og samkvæmt henni eiga verndaraðgerðirnar að gilda til 15. ágúst 2008. Gerir ákvörðunin ráð fyrir að þeim löndum sem flutt hafa eldislax til Evrópusambandsins verði úthlutað innflutningskvótum í hlutfalli við útflutning síðustu ára og mun Ísland deila innflutningskvóta með Rússlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Hugsanlegt er að eitthvert aðildarríki ákveði að skjóta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðherraráðs ESB en þá hefur ráðherraráðið þrjá mánuði til þess að samþykkja ákvörðunina með auknum meirihluta. Reynist ekki nægur meirihluti fyrir ákvörðuninni eða afgreiði ráðherraráðið ekki málið innan tilskilins tímafrest falla aðgerðir ESB sjálfkrafa úr gildi. Sú var raunin með þá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá því í ágúst 2004 að grípa til bráðabirgðaverndaraðgerða gegn innflutningi á eldislaxi, en þær aðgerðir féllu úr gildi í desember 2004 þar eð ákvörðun reyndist ekki hafa nægjan hljómgrunn í ráðherraráðinu.